

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. febrúar 2026	Tími:	11:00 – 12:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	SK			
Ritari:	AH			
Á fundinn mættu:	Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Áslaug Ásgeirsdóttir (ÁÁ), Magnús Ingvason (MI), Marín Guðrún Hrafnisdóttir (MGH), Sigríður Kristinsdóttir (SK), Örn Hrafnkelsson (ÖH), og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::	Hildur Ragnars (HR)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. febrúar 2026

1. Fundargerð stjórnarfundar 13. janúar 2026

Fundargerð stjórnarfundar 13. janúar síðastliðinn var samþykkt.

2. Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna

Framhald umræðna um fyrirhugaða könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna. Áfram er stefnt að því að leggja könnunina fyrir í febrúar/mars og var félagsmönnum tilkynnt um þau áform í fréttabréfi í lok janúar.

3. Aðalfundur

Stefnt er að því að halda aðalfund fimmtudaginn 21. maí næstkomandi eftir hádegi og halda fundinn í Norræna húsinu. Ákveðið að halda málstofu áður en aðalfundarstörf hefjast líkt og undanfarin ár. Umræður um tæknimál og möguleika á þátttöku þeirra sem eru í streymi í fundarstörfum. AH annast skipulagningu og hefur samband við kjörnefnd vegna stjórnarkjörs. Ákveðið að fela kjörstjórn að kanna möguleika á rafrænni kosningu til stjórnar og hvort þörf sé á breytingum á starfsreglum kjörstjórnar.

4. Tilnefning fulltrúa FFR í stjórn starfsmenntunarsjóðs embættismanna

Margrét Hauksdóttir, fyrrverandi forstöðumaður og formaður FFR hefur óskað eftir að hætta sem fulltrúi FFR í stjórn Starfsmenntunarsjóðs embættismanna. Umræður um mögulegan fulltrúa félagsins í stjórninni. Frestað.

5. Starfsreglur stjórnar

Áður á dagskrá. Samþykkt að hækka hámarksstyrk vegna stjórnsýslumáls skv. gr. 7.5. og vegna dómsmáls skv. gr. 7.6. og var höfð hliðsjón af breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá því í maí 2024 til dagsins í dag við

mat á þeirri hækkun. Jafnframt var ákveðið að breyta orðalagi 7.5. gr. til samræmis við orðalag gr. 7.6. Starfsreglurnar voru samþykktar svo breyttar.

6. Erindi forstöðumanns um ferðastyrki

Áður á dagskrá. Umræður. Frestað.

7. Önnur mál

- Umræður um verklag við sameiningar stofnana ríkisins.
- Mikill dráttur hefur verið á ákvörðun launa fyrir forstöðumenn nýrra stofnana í umhverfisstofnuneyti.

Framangreint hefur oft borið á góma á samráðsfundum í fjármálaráðuneytinu. Ákveðið að taka upp á næsta samráðsfundi.